



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi
Erindi nr. P 128, 1389
komudagur 28.2.2003

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,

Dagsetning
26. febrúar 2003

Tilvísun
A-8
LÖ/bb

150 Reykjavík.

Í bréfi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 21. þ.m. er óskað umsagnar um frumvarp til laga um erfðafjárskatt, 398. mál. Svo sem frá greinir í athugasemdum með frumvarpinu er lagt til að hætt verði að miða fjárhæð erfðafjárskatts við sifjatengsl erfingja og arfleiddanda en þess í stað verði lagður flatur 5% erfðafjárskattur á alla erfingja, hver sem sifjatengslin eru.

Ríkisendurskoðun tekur ekki afstöðu til þess hvort rétt sé eða eðlilegt að gera þá breytingu á lögum um erfðafjárskatt, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Hins vegar þykir stofnuninni rétt að benda á að hún telur tímabært að endurskoða lögum um erfðafjárskatt í heild sinni í því skyni að mæla með skírari hætti um ýmis atriði er bæði lúta að ákvörðun skattstofns og framkvæmd skattheimtunnar.